

## **Umhverfis- og heilbrigðisráð** **28. október, 2020**

### **Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í umhverfis- og heilbrigðisráði og fulltrúa Miðflokksins um friðun strandlengjunnar**

Lagt er til að skoðað verði í samráði við umhverfisráðherra og Umhverfisstofnun að strandlengjan við Skerjafjörð (Nauthólsvík) verði friðlýst með þeim hætti sem kveðið er á um í 38. grein náttúruverndarlaga. Standa þarf vörð um þetta græna svæði í borgarlandinu og gæta þess að uppbygging svæðisins snúi eingöngu að bættri aðstöðu til útivistar og afþreyingar.

#### **Greinargerð:**

Fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar að helstu umhverfisáhrif við gerð landfyllingar muni hafi meðal annars umtalsverð umhverfisáhrif á leirur, fjörlúf, fuglalíf og líffræðilega fjölbreytni. Einnig kemur fram í umsögninni að landfyllingin muni hafa neikvæð áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda að því leyti að þangbreiður sem binda koldíoxíð munu skerðast. Umhverfisstofnun bendir á að leirurnar falli undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

Þá segir í umsögn Náttúrufræðistofnunar orðrétt: „Tillagan [aðalskipulagsbreytingin] er sérstök að því leiti að eina svæðið innan hennar sem er svo til óraskað er fjaran, með auðugu fuglalífi allt árið um kring, en henni verður að stórum hluta eytt þó landfylling hafi verið minnkuð frá því sem áður var.“ Þá segir einnig í umsögninni að í umhverfismati í tillögunni komi „vissulega fram að tillagan er í alla staði talin neikvæð fyrir lífríki svæðisins og er hún því í raun í andstöðu bæði við lög um náttúruvernd og stefnu Reykjavíkurborgar. Það er því einkennilegt að forsendur fyrir skipulaginu eru þess eðlis að ekki er talið hægt að leysa það með öðrum hætti en að fara í landfyllingar.“

Enn fremur segir í bréfi umhverfisstofnunar „að Skerjafjörður sé eitt þeirra svæða sem að Náttúrufræðistofnun Íslands leggur til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið að verði sett á B-hluta náttúruminjaskrár. Landfylling getur haft neikvæð áhrif á gildi þess svæðis sem lagt er til að friða.“

Þess vegna leggja borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og varaborgarfulltrúi Miðflokksins í umhverfis- og heilbrigðisráði til að náttúran fái að njóta vafans og farið verði að faglegum tilmælum þeirra opinberu fagaðila og stofnanna sem fjallað hafa um málið og falli frá áformum um landfyllingu eins og hún er kynnt.